

Föstudaginn 5. október 1945.

Nr. 100/1944. **Valdstjórnin** (Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn

Jóni Jóhannssyni (Egill Sigurgeirsson).

Brot gegn lögum um bifreiðar.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður Eggerz, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Það er upp komið í málinu, að maður sá, sem sat við hlið kærða í bifreiðinni, var svo drukkinn, að hann kveðst ekki muna, hvað hann aðhafðist í bifreiðinni. Kærði ber það fyrir, að maður þessi hafi gripið í stýrið og með því valdið slysinu. Þessari skýrslu kærða er að vísu óhnekk, en það verður að meta honum til vangæzlu, er varðar við 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, að hann hafði mjög drukkinn mann við hlið sér í framsætinu, án þess að haga akstrinum á þann hátt, að háski eða truflun stafaði ekki af honum, eða gera aðrar virkar ráðstafanir í því skyni.

Rannsókn sú, sem farið hefur fram á blóði kærða, þykir ekki veita nægar sannanir fyrir því, að kærði hafi verið með áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar, svo að varði við 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaganna. Eigi eru heldur slík áhrif fyllilega sönnuð á annan hátt. Kærði hefur hins vegar játað, að hann hafi setið að sumbli nóttina áður. Þegar þess er gætt, að í blóði hans var 1,15‰ af áfengismagni eftir slysið, og litið er á vangæzlu hans við aksturinn, verður að telja, að hann vegna undanfarinnar neyzlu áfengis hafi verið haldinn þeim sljóleik, að það varði við 3. mgr. 23. gr. nefndra laga.

Refsing kærða samkvæmt 38. gr. áðurgreindra laga þykir hæfilega ákveðin 600 króna sekt til rikissjóðs, er afplánist 12 daga varðhaldi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdómsins um ökuleyfisviptingu og greiðslu sakarkostnaðar í héraði þykir mega staðfesta. Ákærði greiði

allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 250 krónur til hvors.

Það er athugavert, að menn þeir, sem kærði sat að sumbli með nóttina, áður en slysið varð, voru ekki yfirheyrðir, er framhaldsrannsókn fór fram.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Jón Jóhannsson, greiði 600 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 12 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Kærði skal sviptur ökuleyfi 3 mánuði.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Egils Sigurgeirssonar, 250 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Eyjafjarðarsýslu 11. júlí 1944.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað með stefnu, dags. 3. júlí 1944, gegn bifreiðarstjóra Jóni Jóhannssyni, Krabbastíg 1, fyrir brot á bifreiðalögunum nr. 23 1941 og áfengislögunum nr. 33 9. jan. 1935 til hegningar og greiðslu alls kostnaðar, er af rannsókn þessari og máli hefur leitt og kann að leiða.

Atvik málsins eru þessi:

Um kl. 2.30 hinn 8. júní ók bifreiðin A 377 austur af veginum (Hafnarstræti) rétt við lækinn norðan við húsið nr. 45 og kom niður á hjólin í fjörunni fyrir neðan. Bifreiðarstjórinn, kærði, segir, að maðurinn, sem sat við hliðina á honum, Óskar Sigurðsson bílstjóri á B. S. O., hafi tekið í stýrið hjá sér, og afleiðingin varð sú, að bifreiðin fór út af veginum og kastaðist niður í fjöruna fyrir neðan. Óskar Sigurðsson hefur sagt fyrir réttinum, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, og kveðst eigi geta sagt um það, hvort hann hafi tekið í stýrið eða eigi, en hann staðhæfir, að hafi hann tekið í stýrið, þá hafi hann eigi gert það til að valda slysi, heldur hafi það verið gert af áhrifum frá áfenginu.

Farþegar þeir, sem voru i bílnum, hafa borið það, að þeir hafi eigi séð, að bílstjórinn væri undir áhrifum áfengis, og kærði sjálfur segist eigi hafa drukkið þenna dag, en segist hins vegar hafa drukkið töluvert daginn áður, enda var hann þá eigi við akstur. Samkvæmt blóðprufunni, er tekin var af kærða, fundust i blóðinu reducerandi efni, sem svara til 1.15% áfengis. Með blóðprufunni virðist mega telja sannað, að kærði hafi ekið bílnum undir áhrifum áfengis, og virðist mega heimfæra brot hans undir 21. og 39. gr. áfengislaganna og 38. og 39. gr. bifreiðalaganna, og virðist refsingin hæfilega ákveðin 10 daga varðhald. Enn fremur ber að svipta kærða leyfi til að stýra bifreið i 3 mánuði frá birtingu dómsins.

Kærði greiði allan af málinu leiðandi kostnað.

Á málinu hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærði, Jón Jóhannsson, sæti 10 daga varðhaldi og verði sviptur leyfi til að stýra bíl i 3 mánuði frá birtingu þessa dóms.

Kærði greiði allan af sökinni leiðandi kostnað.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Föstudaginn 5. október 1945.

Kærumálið nr. 9/1945. H/f Ásmundur
gegn

Jóni Sigurðssyni.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 2. júlí þ. á., er hingað barst 22. ágúst s. l., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar málskostnaðarákvæði i dómi sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 26. júní s. l. i máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, aðallega að málskostnaður verði látinn niður falla, en til vara, að hann verði færður niður til muna. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar á málskostnaðarákvæðinu og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.